

**Annar fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar, haldinn 4. september 2018 að Ásastíg kl 17.30. 2.
Fundur kjörtímabilsins 2018 – 2022.**

Mættir til fundar: Guðríður Eva Þórarinnisdóttir formaður, Sigríð Lárusdóttir ritari, Heimir Sigurðsson nefndarmaður og Árni Þór Hilmarsson forstöðumanni íþróttamannvirkja og íþróttta og tómstundrafulltrúa

Dagskrá

- 1. Árni kynnir starf vetrarins**
- 2. Opnunartímar tækjasals og sundlaugar og aðstaða**
- 3. Önnur mál**

1. Árni kynnir æskulýðsstarf vetrarins.
 - a. Tímatafla vetrarins komin út, fjölbreytt val af íþróttagreinum fyrir börn og unglunga en því miður var ekki hægt að ráða fimleikakennara, fimleikar detta út af töfluni. Mikið jafnrétti ríkir milli drengja og stúlkna varðandi æfingar. Jafnmargar æfingar fyrir bæði kynin.
 - b. Þrjár stúlkur og einn drengur hafa verið ráðin í sundlaugina í vetur og því er búið að manna starfsemi sundlaugarvarðar í vetur.
 - c. Hugmynd um að nýta fjölskyldutíma í íþróttahúsinu í vetur til að kynna ýmsar íþróttir fyrir íbúum sveitafélagsins.
 - d. Skoða þarf frekara samstarf milli nærsveita um íþróttaiðkun barna og unglunga til að gera íþróttastarfið öflugra hér í uppsveitum. Árni er í nefnd þar sem fulltrúar frá hverju sveitafélagi koma að og skoða samstarf. Athuga þarf með skólaakstur til að auðvelda börnum að sækja æfingar milli sveitafélaga. Betri rekstrargrundvöllur, betra skipulag og fleiri styrktaraðilar. Uppsveitirnar verða ákjósanlegri staður fyrir fjölskyldufólk að búa í með betra íþróttta og æskulýðsstarfi. Á næstu vikum mun nefndin hittast aftur og vinna frekar að þessum málum.
 - e. Athuga með íþróttir fyrir þá sem ekki vilja stunda hópíþróttir eða keppnisíþróttir.
 - f. Góðir þjálfarar skipta gríðalegu máli fyrir börn og unglunga hvað varðar lýðheilsu og forvarnir og mikilvægt er að þjálfarar fái laun í samræmi við þá ábyrgð sem starfinu fylgir.
 - g. Samstarf er milli Þórs og UMFH í körfuknattleik frá 8. – 10. Bekkjar.
 - h. Samstarf milli FSU akademíu, Þór, Hamar, Selfoss Körfu og UMFH sér um drengjaflokk og stúlknaflokk.
 - i. Sumarstarf sl. Sumar fyrir börn, körfuboltaæfingar og fótboltaæfingar og sundæfingar. Frjálsíþróttæfingar.
 - j. Hvatagreiðslur eru 15.000 kr á önn fyrir barnið, sama hversu margar íþróttir barnið velur.
 - k. Bjarkarsjóður er sjóður fyrir afreksfólk í íþróttum eða þjálfara sem vilja sækja sér aukina menntun í þjálfraðum. Fyrir íbúa Hrunamannahrepps. Mikilvægt að kynna sjóðin vel fyrir íbúum.
 - l. Viðhaldsmál í sundlauginni; Sundlaugin þarfnast viðhalds og þarf að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun. Setja þarf upp kaldanpott í sundlauginn sem keyptur var í byrjun árs 2018.

- m. Nýtt teppi hefur verið keypt á gervigrasvöllinn enginn fylling í því teppi. Áætlað er að teppið verði lagt á völlinn í haust.
- n. Lagt er til að sveitastjórn hugi að því í náninni framtíð að auka stöðugildi forstöðumanns íþróttamannvirkja og íþróttta og tómsfundafulltrúa. Með því væri hægt að bæta íþróttastarf aldraðra, auka fjölbreytini á æfingum fyrir þau börn og unglunga sem vilja ekki stunda hóp- eða keppnisíþróttir. Með auknu samstarfi nærsveitafélaganna væri auðveldara að auka þetta stöðugildi.

2.

- a. Opnunartími í sundlaug, tillaga að breytingum um opnunartíma
 - i. 3x í viku opnað 6.30 – 8.30, nýta húsvörð í íþróttahúsi og svo aftur seinnipartinn frá 17.00/18.00 – 21.00
 - ii. 2x í viku kl 16.00 – 21.00
 - iii. Óbreyttur opnunartími um helgar.
- b. Tækjasalur
 - i. Tillaga að auknum opnunartíma tækjasals.
 - 1. Athuga með stafrænan aðgang opinn frá 6.00 – 24.00. Til að einstaklingur fái aðgang þarf hann að sýna fram á að það sé ekki undirliggjandi hjarta og æðasjúkdómar eða sykursýki.
 - 2. Nýta starfsfólk í íþróttarhúsi til að lengja opnunartíma tækjasals með tilliti til að handavinnustofan verði færð.
 - 3. Opið allt árið um kring, hvetja ferðafólk á sumrin til að nýta sér aðstöðu.
 - ii. Tillaga að betri nýtingu íþróttahúsnæðis.
 - 1. Athuga með betri aðstöðu fyrir tækjasal og betri nýtingu á íþróttahúsinu í heild sinni. Dæmi um nýtingu rýmis og breytingar á aðstöðu.
 - 2. Færa handavinnustofu í rýmið sem félagsmiðstöðin er eða annað rými sem laust er.
 - 3. Félagsmiðstöð í íþróttahús í rýmið þar sem tækjasalurinn er eða fyrir ofan áhaldageymslu. Auðveldara fyrir unglunga að samtvinna félagsmiðstöð og hreyfingu. Lengra fyrir unglunga að nálgast óhollustu í samkaup Strax. Árni hefur tekið eftir því að unglingum fækkar á æfingum þegar þau þurfa að velja á milli félagsmiðstöðvarinnar og íþróttæfinga.
 - 4. Útbúa skrifstofurými fyrir ungmannafélagið og aðstöðu fyrir þjálfara, henntugt rými þar sem tækjasalurinn er staðsettur.
 - 5. Skólasel samnýtir aðstöðu félagsmiðstöðvar
 - 6. Færa tækjasal í rýmið sem handavinnustofan er eða á loftið fyrir ofan áhaldageymslu. Betra aðgengi fyrir íbúa sveitafélagsins og fyrir þá sem eiga erfitt með að ganga upp stiga. Auðvelt væri að hafa stafrænan aðgang að tækjasal á báðum þessum stöðum. Hægt að læsa öðrum hluta íþróttahússins eftir almenna lokun.

3. Önnur mál

- a. Guðríður bennti á heilsuleikskóla í samræmi við verkefnið Heilsueflandi samfélag. Í heilsuleikskóla er heilsuefling höfð að leiðarljósi í einu og öllu. Skólinn er samfélag þar sem tækifæri gefst til að hafa áhrif á þá þætti sem hafa jákvæð áhrif á heilsu og velferð barna. Í skólanum gefst tækifæri til að koma til móts við þarfir barna og auka möguleika þeirra til að lifa góðu og innihaldsríku. Allt um heilsuleikskóla má lesa á

www.heilsustefnan.is. Hægt að benda Leiksólanum Undralandi á þetta verkefni og athuga hvort áhugi sé fyrir verkefninu.

4. Fundi slitið kl 19.25